



Lagfæring á borholu í eigu Orkusjóðs. Hóla
6 í Trölladyngju

Sverrir Þórhallsson

Greinargerð SP-82/08

[Handwritten signature]

Lagfæring á borholu í eigu Orkusjóðs. Hola 6 í Trölladyngju.

Rnsuwl

Lýsing.

Í tengslum við rannsókn Krísuvíkursvæðisins fyrir tíu árum síðan, voru sex rannsóknarholur boraðar á kostnað Orkusjóðs. Í Trölladyngju var boruð 843 m djúp hola í ágúst 1971 (mynd 1). Engin þessara hola var afkastamæld, en Trölladyngjuholan mældist með hæstan hita eða 260°C á 600 m dýpi (mynd 2). Tveimur árum eftir að borun lauk í júní 1973 tók holan að gjósa af sjálfsdáðum, og varð gosið ekki hamið, því loka vatnaði á holuna. Árangurslaus tilraun var gerð til að kæfa holuna sumarið 1975. Þrýstingur á blásandi holunni mældist þá 23 bar g, sem bendir til að hér sé um öfluga holu að ræða, þrátt fyrir að steyppt hafi verið í flestar æðar við borun holunnar. Óbeislað gosið og tilraunin sem gerð var til að kæfa holuna olli talsverðum landspjöllum á næsta nágrenni holunnar. Stór gryfja myndaðist (mynd 3) og steyptur kjallarinn niðurbrotinn (mynd 4). Gufusteymið hafði líka myndað stærðar gat á fóðringuna. Eftir að holan hafði blásið frítt í eitt ár stíflaðist holan, líklega af kalkútfellingu eða hrun.

Tillaga

Nauðsynlegt er að lagfæra og snyrta umhverfis holuna, með því að fylla gryfjuna og færa umhverfið í sem upprunalegast horf. Jafnframt þarf að setja loka á holuna og gera við fóðringuna, því ókunnugum stafar hætta af gufupústi frá holunni.

Vegna frekari rannsókna og hugsanlegra borana í Trölladyngju er æskilegt að hreinsa holuna, því að öðrum kosti nýtist holan ekki til rannsókna. Hér er því jafnframt óskað eftir viðbótarstyrk til hreinsunar á holunni.

Kostnaðaráætlun

(Sundurliðun á næsta blaði)

1. Jarðvegsvinna	19.500 kr
2. Nýr holutoppur	39.000 "
3. Hreinsun holu	123.000 "
4. Ófyrirséð 20%	36.300 "
	<hr/>
Samtals	<u>217.800 kr</u>

Sundurliðuð

Kostnaðaráætlun H-6

Verðlag nóv. '82
5% hækkun á mán.

1. Jarðvegsvinna

Leiga á payloader 10 t	10.000
Flutningur "	2.000
Eftirlit Ó.S.	7.500
	<hr/>
	19.500 kr

2. Nýr holutoppur


Holuloki ϕ 6"-40 ND	15.000
Flangsar ϕ 6"-40 ND	3.000
Flangs ϕ 8"	2.000
Suðuvinna	10.000
Verkstjórn	5.000
Aðstoðarmaður Ó.S.	4.000
	<hr/>
	39.000 kr

3. Hreinsun holu

Kælivatn 10 tonn	6.000
Hitamæling	5.000
Viddarmæling	7.000
Tengistykki	15.000
Hreinsunarbor 3 d	90.000
	<hr/>
	123.000 kr
Ófyrirséð 20%	36.300
	<hr/>
	<u>217.800 kr</u>

HOLA 6 I TRÖLLADYNGJU


1982-11-16
J-VINNIFANT
S. ÞÓRÞ



Mynd 1.

Hitamælingar í borholum

IO.I.74 SH/SL
Tnr.145 Tnr.1151
J-Krisuv. J-Hilam.
Fnr.11613



Mynd 2



Mynd 3. Gryfja umhverfis H-6 í Trölladyngju fyrir miðri mynd



Mynd 4. Leifar af kjallara við H-6 í Trölladyngju.